



## 520. Stjórnarfundur haldinn 7. mars 2019 kl:18:00

### Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Eva Björk Sveinsdóttir (ES) Jónína Steinunn Helgadóttir (JH) og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS)

Fjarverandi: Birgir Már Bragason (BMB).

### 1. Skipting stjórnar

EH lagði til óbreytta skiptingu stjórnar sem yrði þá skipuð eftirfarandi: Kári Gunnlaugsson sem varaformann, Þórður Magni Kjartansson sem gjaldkera, Bjarneyju S. Snævarsdóttur sem ritara og Birgir Már Bragason sem meðstjórnanda. Vara menn eru Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir. *Tillagan var samþykkt.*

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 3. Innkomin bréf

Viðskiptayfirlit frá LÍ Landsbréf-Sparibréf meðallöng sem félagið á. *Móttekið.*

Þjónustusamningur við Greiðslumiðlun ehf./Motus ehf./Lögheimtuna ehf vegna Nóra greiðslu- og skráningarkerfi. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá UMFÍ. Boðskort á undirskrift á ungmenna- og tómstundabúðum á Laugarvatni. *Móttekið.*  
Tölvupóstur frá UMFÍ. Ferð til Danmerkur 23. – 26. maí 2019. Frestur til að tilkynna þátttöku er 15. mars. *Móttekið.*

### 4. Send bréf

Boðsbréf send út vegna boðunar á aðalfund Keflavíkur.

Tölvupóstur sendur á alla stjórnarmenn deilda vegna jafnréttisáætlunar Keflavíkur sem samþykkt var á stjórnarfundum 21. Febrúar 2019.

Tölvupóstur sendur á alla stjórnsmenn deilda vegna persónuverndarstefnu Keflavíkur til kynningar sem lögð yrði fram á aðalfundi Keflavíkur til samþykktar.

### 5. Aðalfundur Keflavíkur

Aðalfundur Keflavíkur var haldinn 5. mars. Einar Haraldsson var endurkjörinn sem formaður. Birgir Ingibergsson og Sveinn Júlíus Adolfsson létu af stjórnarsetu og í þeirra stað komu inn Jónína Steinunn Helgadóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

Þeir Birgir Ingibergsson og Sveinn Júlíus Adolfsson voru heiðraðir með Gull-Heiðursmerki Keflavíkur. Ólafur Ásmundsson var heiðraður með starfsbikar Keflavíkur.

Persónuverndarstefna Keflavíkur var lögð fyrir fundinn og var hún samþykkt.

Fundastjóri var Sigurður Garðarsson og ritari var Bjarney S. Snævarsdóttir.

### 6. Formanna- og gjaldkerafundur

EH fór yfir dagskrá formanna- og gjaldkerafundar. Ákveðið að halda fundinn mánudaginn 18.mars kl. 18:00. Ákveðið er að bjóða upp á súpu og brauð. Framkvæmdastóra falið að undirbúa fundinn.

### 7. Umhverfisdagur Keflavíkur

Ákveðið að halda umhverfisdag Keflavíkur 6. maí.





## Frh.520. Stjórnarfundur haldinn 7. mars 2019 kl:18:00

### 8. Önnur mál

EH lagði til að aðalstjórn fari út að borða með þeim sem voru að láta úr stjórn þar sem þeim yrði þakkað fyrir þeirra framlag til íþróttamála hér í Keflavík. ***Samþykkt og framkvæmdastjóra falið að finna dagsetningu.*** Blakdeildin ásamt Þrótti Reykjavík heldur öldungarmót í blaki 25. – 27. apríl.

EH er að vinna í því að fá myndir af stjórnnum Keflavíkur sem hengdar yrðu upp á skrifstofu aðalstjórnar.

Næsti fundur verður 21. mars 2019.

Fundi slitið kl. 19:15. Fundinn ritaði BS.

